



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FORSETA KÍNA OG FORSETA PAKISTANS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent forseta Kína Hu Jintao samúðarkveðjur vegna náttúruhamfaranna sem orðið hafa í Kína að undanfögnu. Á annað þúsund hafa látist og mikill fjöldi misst heimili sín enda eyðilegging þorpa og byggða gífurleg.

Þá hefur forseti Íslands einnig sent forseta Pakistans Asif Ali Zardari samúðarkveðjur vegna hinna hrikalegu flóða sem valdið hafa gríðarlegu tjóni í landinu. Margar milljónir berjast nú við afleiðingar flóðanna, manntjón verið mikið og hætta hefur skapast á útbreiðslu sjúkdóma.

Hugur Íslendinga sé með fjölskyldum og ættingjum þeirra sem látið hafa lífið og þeim mikla fjölda sem daglega heyr harða baráttu.

13. ágúst 2010

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).